


Skýringarmynd, bílastæði.



Hluti af staðfestu aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

GREINARGERÐ

Hér er lagt fram deiliskipulag fyrir áningarstað við Söxu í Fjarðabyggð en deiliskipulagið er unnið fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð. Markmið deiliskipulagsins er að gera áningarstað við Söxu þannig úr garði að hann vekir forvitni og áhuga þeirra sem framhjá honum fara. Tilgangur verkefnisins er fyrst og fremst að auðvelda aðgengi og öryggi við ferðamannastaði í Fjarðabyggð og er lítið til Söxu sem einn af mörgum áföngum í merkingu ferðamannastaða í Fjarðabyggð.

Saxa er „sjávarhver“ við sjóinn skammt utan við Lönd. Saxa er sérstakt náttúrufrábæri, þar sem úthafsaldan gengur inn í klettaskoru og spýttist síðan hátt upp í loft í tilkomumiklum brimgosum. Nafnið dregur Saxa af því að inni í henni saxast þönglar og þari í smátt sem þeytast upp með í brimgosunum.

FORSENDUR

Unnið hefur verið að stefnumótun í ferðamálum í atvinnu- og menningarnefnd Fjarðabyggðar. Þar sem ákveðið var að einn af þeim stöðum sem setja þyrfti í forgang í uppbyggingu var Saxa, en mikil gróska hefur verið í ferða- og menningarmálum í sveitarfélaginu. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarland.

MINJAR

Fornleifadeild Bygðasafns Skagfirðinga skráði fornleifar í nágrenni Söxu. Skráðar voru 11 minjar en um er að ræða landbúnaðarminjar að líkindum flestar frá 18. -20. öld. eru þær skráðar í lista hér fyrir neðan.

Nr	Hlutverk
1	Matjurtagarður
2	Óþekkt
3	Framræsla
4	Matjurtagarður
5	Óþekkt
6	Framræsla
7	Óþekkt
8	Mógröf
9	Mógröf
10	Mótóft
11	Mógröf

Minjunum var almennt ekki talin stafa hætta af framkvæmdum og hefur deiliskipulagið verið aðlagð að minjunum svo þeim verði ekki raskað.

BÍLASTÆÐI

Gert er ráð fyrir 4 megin bílastæðum og rútustæði eða varabílastæði. Við hönnun svæðisins þarf að fylla upp að bílastæðinu því hæðarmismunur þarna er nokkur.

STÍGAR

Unnið er með stiga þannig að aðgengi að Söxu sé þægilegt, stigar og útsýnisstaðir felldir í landið á varfærinn hátt. Stigar eru misbreiðir og útfærðir þannig að þeir mynda hringleið um svæðið frá bílastæðum.

Meðfram stígum er gert ráð fyrir áningarstöðum á tveimur stöðum. Annars vegar niður við sjávargrjótið og hins vegar upp við hamrana. Lega stiga á uppdrætti eru leiðbeinandi og við endanleg hönnun og útfærsla verður unnin í samráði við Náttúrustofu Austurlands.

ÁNINGARSTAÐUR

Innan svæðisins eru áætlaðir fjórir áningarstaðir. Einn er við bílastæðið þar sem verða upplýsingar um svæðið, hjólastæði og bekkir. Tveir áningarstaðir á sitthvorum göngustignum, sem áning á leið til eða frá útsýnisstað. Þriðji áningarstaðurinn við syðri enda Söxu. Á áningarstöðum er heimilt að smíða útsýnispall allt að 35 m².

UMHVERFISÁHRIF SKIPULAGSTILLÖGU

Greint er frá umhverfisáhrifum skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Nokkur landfylling þarf við bílastæðið en verður það unnið þannig að rask verði sem minnst.

Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem stendur er Saxa illa merkt, upplýsingar um hana litlar og aðgengi að henni er ábótavant. Ákveðin hætta getur skapast þegar fólk reynir að nálgast hana og gengur á hálum sjávarklettum þar sem víða leynast djúpar sprungur. Með því að stýra umferð gesta um svæðið verður hægt að draga verulega úr þessari hætti. Nýtt fyrirkomulag bílastæða þar sem hægt er að koma fyrir rútum mun auka öryggi til muna.

Gerð hefur verið fornleifaskráning á svæðinu og skipulag svæðisins miðar við að rask minja verði sem minnst.


Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í _____
þann _____ 20__ og
í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

BR.	DAGS.	BREYTING	REKNI.	TEKNI.
-----	-------	----------	--------	--------



SAXA - FJARÐARBYGGÐ
TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI

DEILISKIPULAG - SKÝRINGARUPPDRATTUR	SKIPULAG m.ö. e.ö. TEKNIAD. m.ö. þp SAMÞYKKT KT
KVARDI: 1.000 VERKNR.	KÓPAVOGUR TEKNI. NR. BR.
7300-DU1402	dags. 23.05.2017 00